

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli, Lindargötu
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 4. október 2024

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.)

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.) (hér eftir „áformin“) sem birtust á samráðsgátt stjórnvalda 25. september sl. FA gerir eftirfarandi athugasemdir við áformin.

I. Frestur til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda

Fyrsta athugasemdin snýr að knöppum tíma hagsmunaaðila til að skila inn umsögn um áformin á samráðsgátt stjórnvalda. Aðeins er rúm vika gefin til umsagnar á samráðsgáttinni sem er ekki í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna frá 24. febrúar 2023 þar sem fram kemur að hæfilegur frestur skuli vera gefinn til athugasemda eða að minnsta kosti tvær til fjórar vikur, skv. 3. gr. um opið samráð.¹ FA biður ráðuneytið að hafa þetta framvegis í huga svo hlutaðeigandi hagsmunaaðilum sé gefinn nægur tími til að skila inn athugasemdum.

II. Breytingar á lögum um gistináttaskatt

Fyrirhugaðar eru breytingar á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011, og er tekið fram að breytingarnar varði gjaldtöku ferðamanna í samræmi við ferðamálastefnu til 2030. Í ferðamálastefnu kemur fram að endurskoði skuli fyrirnefnd lög með það til hliðsjónar að samkeppnisstaða ólíkra tegunda gististaða hér á landi verði jöfnuð. Einnig verði skoðaðir kostir þess að afnema gistináttaskattinn í samhengi við endurskoðun á gjaldtöku af ferðaþjónustu.

FA vill taka fram hér að vandlega þarf að fara í breytingar sem snúa að samkeppnisstöðu ólíkra tegunda gististaða svo atvinnurekendur verði ekki fyrir mismunun. Skoða verði málið vel og frá öllum hliðum áður en ákvörðun um breytingar er tekin svo þær komi ekki niður á sumum en hampi öðrum. Þar sem nokkuð óljóst er að hverju breytingarnar snúa nákvæmlega getur einnig verið að þær snúi að gjaldtöku ferðamanna í heild og breytingu sem varða alla ferðamenn án tillits til mismunandi

¹ Samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, nr. 791/2018, 24. febrúar 2023, <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Log-og-rettur/Sam%3BEykkt%20r%3CADkisstj%3CB3rnarinnar%20um%20undirb%3BBAning%20og%20fr%3%A1gang%20stj%3CB3rnarfrumvarpa%20og%20%3BEings%3%A1lyktunartillagna%20240223.pdf>

samkeppnisstöðu ólíkra tegunda gististaða. FA hvetur til þess að skoða fremur breytingu á lögum þvert á ferðamenn í stað þess að horfa á breytingar út frá tegund gististaða því ljóst liggur fyrir að flokkun á gististöðum getur verið vandasöm og möguleiki er að einhverjir gististaðir geti fallið í fleiri flokka en einn.

III. Breytingar á lögum um virðisaukaskatt

Í áformunum er fjallað um þær fyrirhuguðu breytingar sem stefnt er að og er þar m.a. fjallað um breytingar á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Kemur fram að breyta eigi fyrrnefndum lögum er fjalla um óskipta ábyrgð umboðsmanna og annarra sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka skattskyld viðskipti hér á landi og einnig að breyta j-lið, 2. tl., 1. mgr. 12. gr. laganna. Ekki er fjallað meira um breytingarnar og því ekki ljóst að hverju breytingarnar lúta. Orðalagið er mjög almennt og því erfitt að átta sig hverju á að breyta.

IV. Vörugjald á rafrettur og nikótínþúða

FA mótmælir því harðlega ef leggja á vörugjöld á rafrettur og nikótínþúða. Nú þegar liggja fyrir skv. þingmálaskrá 155. löggjafarþings áform að leggja fram frumvarp til laga um tóbaksvarnir, rafrettur og nikótínvörur (heildarlög) sem heilbrigðisráðherra áætla að leggja fram í febrúar. Í umfjöllun um frumvarpið í þingmálaskrá segir að „lagt til að sambærilegt gjald verði lagt á tóbaksvörur og tóbakslíkar vörur eins og nikótínþúða.“ Nú þegar eru því áform uppi hjá öðru ráðuneyti varðandi aukin gjöld á nikótínvörur, t.a.m. rafrettur og nikótínþúða. FA telur óboðlegt að ráðuneytin sækist bæði eftir því að hækka gjöld á nikótínvörur á einu og sama löggjafarþinginu, hækkunin yrði gífurleg fyrir neytendur og atvinnurekendur sem eru með nikótínvörur í verslunum sínum ef hækka ætti þessar vörur tvisvar á einu löggjafarþingi. Leggur FA því til að ráðuneytin sameinist um gerð eins frumvarps er varðar breytingar vegna gjaldtöku tóbakslíkra vara svo samræming og samhæfing séu hámarkaðar milli ráðuneyta.

V. Undirskrift hjá Skattinum

FA fagnar breytingunum er varða undirskrift hjá Skattinum. Ekki getur annað verið en að þær tillögur sem fram koma í áformunum varðandi vélritaða undirskrift eða mynd af eiginhandarundirritun spari starfsfólki tíma og valdi því að minni pappír sé notaður. Skilar það sér eflaust með meiri skilvirkni hjá stofnuninni og gerir hana jafnframt umhverfisvænni.

VI. Framlenging á bráðabirgðaákvæði búvörulaga

FA hefur margoft, ásamt Bændasamtökum Íslands, bent matvælaráðuneytinu á að tímabil tolla í búvörulögunum, nr. 99/1993, hafi þurft miklu meiri skoðun áður en síðasta breyting var gerð á lögunum með lögum nr. 152/2019. Væri hægt, með breyttum áherslum, að koma í veg fyrir skort á útiræktuðu grænmeti í verslunum en skorturinn er m.a. kominn til vegna þess hve háir tollar leggjast á viðkomandi vörur sem falla undir tollflokkan á sama tíma og innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn. Er það engum í hag, hvorki grænmetisbændum, neytendum né verslunum. FA heldur áfram að kalla eftir því að búvörulögin verði skoðuð m.t.t. framangreinds.

VII. Að lokum

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvarpið og tengd mál á síðari stigum. Félagið er jafnframt reiðubúið að funda með ráðuneytinu vegna áformanna.

Virðingarfyllst,
f.h. FA



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur